



HRINGVEGUR

Vegamót við Nesbraut

FRUMDRÖG

1. hefti, greinargerð

SAMANTEKT

Greinargerð þessi fjallar um frumdrög að mislægum vegamótum á mótum Hringvegar og Nesbrautar, vagnúmer 1-e3-f2-49, og að tvöföldun Hringvegar þaðan og að fyrirhuguðum mislægum vegamótum við Breiðholtsbraut.

Frumdrög þessi eru unnin af Almennu verkfræðistofunni hf. fyrir Vegagerðina og í samstarfi við Reykjavíkurborg. Vinnustofan Þverá sá um umferðartækni. Hönnun hf. áætlaði vegvísun.

Áður, eða í október 2003, kom út sérstök skýrsla af frumdrögum fyrir 1. áfanga þessa verks. Hér eru til umfjöllunar bæði 1. áfanginn og svo síðari áfangar.

Tillaga þessara frumdraga er sú að í 1. áfanga verða byggð þriggja arma mislæg vegamót á mótum Hringvegar og Nesbrautar, sem í endanlegum áfanga verða fjögurra arma með tengingu við Keldnaland. Í þessum frumdrögum er settur fram einn kostur að mislægu vegamótunum, sem eru fyrst trompetvegamót og síðar smáravegamót, en aðrar útfærslur sem teknar voru til greina í frumdragagerðinni eru sýndar. Búið er að forhanna geometríu rampa í 1. áfanga.

Gerð er grein fyrir forsendum hönnunar, aðstæðum og fyrirhuguðum breytingum á svæðinu.

Gerð er kostnaðaráætlun fyrir 1. áfanga vegamótanna og er heildarkostnaður skv. henni um 450 milljónir kr. með virðisaukaskatti á verðlagi í janúar 2004. Gerð er kostnaðaráætlun fyrir tvöföldun Hringvegar og er heildarkostnaður skv. henni um 240 milljónir kr. á sama verðlagi. Gerð er gróf kostnaðaráætlun um endanleg vegamót.



EFNISYFIRLIT

SAMANTEKT	I
1 INNGANGUR	1
2 FORSENDUR	3
2.1 Hönnunarforsendur	3
2.2 Umferðarforsendur	4
2.3 Skipulagsforsendur	4
2.4 Landlíkan	5
3 NÚVERANDI AÐSTÆÐUR	5
3.1 Náttúrufarslegar aðstæður	5
3.2 Jarðvegsaðstæður	5
3.3 Núverandi vegir og vegamót	6
3.4 Núverandi göngu- og reiðleiðir	7
3.5 Núverandi lagnir	7
3.6 Efnismagn á svæðinu	8
4 FYRIRLIGGJANDI BREYTINGAR	8
4.1 Fyrirliggjandi breytingar á lögnum	8
4.1.1 Hitaveitulagnir	9
4.1.2 Vatnsveitulagnir	9
4.1.3 Fráveitulagnir og settjarnir	9
4.1.4 Simalagnir	9
4.1.5 Raflagnir	9
4.2 Fyrirliggjandi breytingar á göngu- og reiðleiðum	9
4.2.1 Fyrirliggjandi breyting á undirgöngum við Krókháls	9
4.3 Fyrirliggjandi breytingar á bergskeringu í gjá	10
5 VEGFLOKKAR OG VEGUPPBYGGING	10
5.1 Vegflokkar vega og rampa	10
5.2 Uppbygging vega og rampa	11
6 MISLÆG VEGAMÓT	12
6.1 1. áfangi mislægra vegamóta	12
6.1.1 Ferlar til grundvallar hönnun	12
6.1.2 Vegir	12
6.1.3 Rampar	13
6.1.4 Vegfláar og landmótun	13

6.1.5	Brú	14
6.1.6	Merkingar	14
6.1.7	Afvötnun	14
6.1.8	Lagfæring á bergvegg í gjá.....	14
6.1.9	Bráðabirgðatengingar	15
6.2	Endanleg mislæg vegamót	15
6.2.1	Fléttuvegalengdir.....	15
6.2.2	Rampar	16
6.2.3	Brú	16
6.2.4	Afvötnun	16
6.2.5	Undirgöng við Krókháls	16
6.2.6	Bráðabirgðatengingar	16
6.3	Þjónustustig mislægra vegamóta.....	16
6.4	Endanleg vegamót með aðskilinni fléttuakrein.....	17
6.5	Tvöföldun Hringvegar	17
6.5.1	Vegur og rampar.....	17
6.5.2	Undirgöng sunnan Bæjarháls.....	18
6.5.3	Afvötnun og mengunarvarnir.....	18
6.5.4	Lagfæring á bergvegg í gjá.....	18
6.5.5	Bráðabirgðatengingar	18
7	KOSTNAÐARÁÆTLANIR.....	18
7.1	1. áfangi mislægra vegamóta	18
7.2	Endanleg mislæg vegamót	19
7.3	Undirgöng fyrir gangandi vegfarendur við Krókháls	19
7.4	Tvöföldun Hringvegar	20
8	VEGHELGUN OG LÓÐAMÖRK	20
9	AÐRAR TILLÖGUR AÐ MISLÆGUM VEGAMÓTUM	21
	HEIMILDASKRÁ.....	30
	FYLGISKJÖL.....	31
1.	Umferðartalning 11. mars 2003	31
2.	Greinargerð um umferðarspá	31
3.	Breyting á greinargerð um umferðarspá	31
4.	Kostnaðaráætlun 1. áfanga mislægra vegamóta.....	31
5.	Kostnaðaráætlun endalegra mislægra vegamóta.....	31
6.	Kostnaðaráætlun undirganga fyrir gangandi vegfarendur við Krókháls.....	31
7.	Kostnaðaráætlun tvöföldunar Hringvegar.....	31

1 INNGANGUR


Árið 1993 var lagður nýr vegarkafli í Hringveginn frá Rauðavatni gegnum Hádegismóa og Smálönd og að mótum Nesbrautar og Hringvegar og sett þar upp ljósavegamót, sjá mynd 1. Skipulag og hönnun miðaðist við að þar kæmu mislæg vegamót síðar. (Nesbraut er samheiti yfir Eiðsgranda, Hringbraut, Miklubraut og Vesturlandsveg að Hringvegi. Umrædd vegamót hafa einnig gengið undir nafninu mót Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar.)



Mynd 1. Núverandi vegamót Hringvegar og Nesbrautar (mars 2003).


Árið 1998 var gerð skýrsla um mat á umhverfisáhrifum vegna breikkunar Hringvegar frá vegamótunum við Nesbraut að vegamótum við Víkurveg og vegna gerðar mislægra vegamóta á mótum Hringvegar og Nesbrautar [2]. Í úrskurði skipulagsstjóra ríkisins þann 17. febrúar 1999 [3] er fallist á fyrirhugaða tvöföldun Hringvegar frá Nesbraut að Víkurvegi og mislæg vegamót Hringvegar og Nesbrautar sbr. mynd 2. Í samræmi við úrskurðinn var Hringvegurinn tvöfaldaður árið 1999 en ákveðið að byggja mislægu vegamótin síðar.

Í vegaáætlun 2003-2006 eru áætlaðar fjárveitingar til vegamótanna 140 milljónir kr. árið 2003 og 265 milljónir kr. árið 2004 eða samtals 405 milljónir kr.



Mynd 2. Mislæg vegamót sem fallist var á eftir mat á umhverfisáhrifum 1999.

Umferðarspár sem lágu fyrir þá og fram til ársins 2003 gáfu til kynna að rampar vegamótanna gætu þurft að verða tvöfaldir í framtíðinni. Árið 2002 var horft til útfærslu sem sýnd er á mynd 3. Sú útfærsla var þróuð út frá tillögunni sem fór í umhverfismat til að fá betri veglínu og nýta land betur.



Mynd 3. Fyrirhuguð aðaltillaga árið 2002.

Í mars árið 2003 tóku Vegagerðin og Reykjavíkurborg ákvörðun um að unnt skyldi verða að tengja mismislu vegamótin miðsvæði því sem skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er í landi Keldna. Var í framhaldi gerð ný umferðarspá og unnin tillaga að fjögurra arma mismislu vegamótum sem í 1. byggingaráfanga eru þriggja arma og án tengingar við Keldnaland.

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir 1. áfanga byggingar mislægu vegamótanna og áætluðum kostnaði við hann, tvöföldun Hringvegar frá Breiðholtsbraut að Nesbraut og áætluðum kostnaði við hana og endanlegum vegamótum með grófri kostnaðaráætlun (sjá yfirlitsmynd á bls. 3 í teikningahefti). Í greinargerðinni eru einnig sýndar eldri tillögur að mislægum vegamótum sem fallið var frá af skipulagslegum eða umferðar-tæknilegum ástæðum.

Verkefni þetta er unnið af Almennu verkfræðistofunni hf. fyrir Vegagerðina og í samstarfi við Reykjavíkurborg. Vinnustofan Þverá sá um umferðartækni. Hönnun hf. áætlaði vegvísun. Leitað var upplýsinga hjá Orkuveitu Reykjavíkur og Landssíma Íslands.

2 FORSENDUR

2.1 HÖNNUNARFORSENDUR

Hönnunarforsendur voru settar fram af Vegagerðinni og eru þessar:

1 Staðlar

- 1.1 Vegstaðall, útg. í apríl 2001 af Vegagerðinni.
- 1.2 Veg- og gateutforming, handbók 017, útg. 1993 af norsku vegagerðinni.
- 1.3 Vägutformning 94, gefið út af sænsku vegagerðinni 1994.
- 1.4 Vegbygging, handbók 018, útg. 1999 af norsku vegagerðinni.

2 Umferð

Leggja skal til grundvallar umferðarspá svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins ásamt viðbótum vegna Keldnaland.

Hluti verkefnis er að spá nánar um umferð og beygjustrauma.

3 Afköst

- 3.1 Miðað skal við að halda þjónustustigi C eða hærra skv. HCM árið 2024.

4 Vegtegundir, kennisnið

- 4.1 Hringvegur: A1 (2,75-8,0-0,75-11,0-0,75-8,0-2,75)
- 4.2 Rampar og tengivegir skv. staðli (1.1.)

5 Hönnunarhraði –/– skiltaður hraði

- 5.1 Hringvegur: 100 km/klst / 90 km/klst
- 5.2 Rampar: 40-60 km/klst / 40-50 km/klst

6 Hönnunarfartæki

Stærstu dráttarbílar með vagni (SP). Tvöföld hringtorg skal hanna fyrir stærstu dráttarbíla með vagni og lítinn bíl hlið við hlið.

7 Hliðarsvæði

- 7.1 Flái, almennt, utan við axlir: 1:4.

Frumdrög

7.2 Flái á löngum fyllingum hærrí en 3,0 m þar sem öxl er breikkuð um 0,5 m og sett akrið:
1:2,0 - 1:3,0.

7.3 Í miðdeili: 1:5 - 1:6.

8 Hámarks lengdarhalli

8.1 Á hröðunarrömpum: 4 % upp á við.

9 Rými brúa og undirganga

Hluti verkefnisins er að athuga nauðsynlega breidd brúa og undirganga.

2.2 UMFERÐARFORSENDUR

Gert er ráð fyrir að mislæg vegamót verði í endanlegri útfærslu „þriggja blaða smári“, en í fyrsta áfanga verði einungis byggð svokölluð trompetvegamót sem jafnframt verður hluti endanlegra vegamóta. Teikningar á bls. 40 og 41 í teikningahefti sýna vegamótin eins og þau verða í 1. áfanga með hámarksúmferð árdegis og síðdegis skv. talningu í mars 2003. (Sjá umferðartalningu í fylgiskjali 1). Á sama hátt sýnir teikning á bls. 42 í teikningahefti áætlaða sólarhringsúmferð út frá talningum árið 2003 og þjónustustig fyrir 1. áfanga vegamóta miðað við núverandi umferðarmagn.

Vinnustofan Þverá hefur spáð um umferðarálag, ársdagsumferð (ÁDU) og þjónustustig fyrir 1. áfanga vegamóta og endanleg vegamót árið 2024, sjá bls. 43 og 44 í teikningahefti. Til grundvallar umferðarspá fyrir árið 2024 liggur fyrrnefnd umferðartaling og einnig umferðarspá Umhverfis- og tæknisviðs Reykjavíkurborgar, dags. í mars 2003 (sjá fylgiskjal 2) með breytingu í nóvember 2003 (sjá fylgiskjal 3). Sú spá grundvallast á Umferðarspá svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins [7] fyrir árið 2024.

Miðað við endanleg vegamót þarf árið 2024 þrjár akreinar í hvora átt á Vesturlandsvegi. Skv. áætlun Vinnustofunnar Þverár er umferð á einstökum römpum í öllum tilvikum það lítil að ein akrein getur annað umferðinni og er þá miðað við þýskar leiðbeiningar [4] og [5] enda fjallar Vegstaðall Vegagerðarinnar ekki um einstefnurampa. Í þýsku leiðbeiningunum segir að einfaldur rampi anni allt að 1600 bílum á hámarksklukkustund, en árið 2024 er spáð að mesta umferð í einstökum römpum verði á rampa 2 og rampa 5, 900-1100 bílar/klst., en á öðrum römpum á bilinu 400-700 bílar/klst. Því má umferð á römpum aukast verulega frá því sem spáð er fyrir árið 2024 án þess að einfaldir rampar hætti að anna álaginu.

Umferðarspá fyrir árið 2024+ er grundvölluð á Umferðarspá svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins [7] fyrir árið 2024+. Sjá bls. 45 í teikningahefti.

Tvöföldun Hringvegar (Suðurlandsvegar) að Breiðholtsbraut þarf skv. [7] og Vegstaðli að vera lokið fyrir árið 2012. Umferð er þá orðin 16000 bílar á sólarhring og fellur í vegflokk A í Vegstaðli. Þjónustustig vegarins árið 2024 verður þannig B, sjá nánar um þjónustustig hans á bls. 43-45 í teikningahefti.

2.3 SKIPULAGSFORSENDUR

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er gert ráð fyrir mislægum vegamótum á mótum Hringvegar og Nesbrautar. Sjá skipulagsupphrátt á bls. 38 og 39 í teikninga-

hefti. Göngustígar eru þessir: Tengistígur er undir Hringveg meðfram Krókhálsi, stofnstígur yfir Hringveg á brú á Bæjarhálsi og tengistígur undir Hringveg sunnan Bæjarháls, sjá bls. 2 í teikningahefti. Engin umferð gangandi verður um mislægu vegamótin. Ekki koma fram nákvæm mörk svæðis undir vegamótin í aðal-skipulaginu.

2.4 LANDLÍKAN

Landlíkan og landupplýsingar eru frá Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) og var mótttekið í janúar 2003. Hæðarlínur eru frá árinu 2000 skv. upplýsingum frá LUKR, sjá hæðarlínur á bls. 2 í teikningahefti. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf. tekin árið 2002, sjá bls. 1 í teikningahefti.

3 NÚVERANDI AÐSTÆÐUR

3.1 NÁTTÚRUFARSLEGAR AÐSTÆÐUR

Vísað er á skýrslu um frummat á umhverfisáhrifum framkvæmdar við tvöföldun Hringvegar frá Nesbraut að Víkurvegi og mislæg vegamót Hringvegar og Nesbrautar [3] varðandi náttúrfarslegar aðstæður. Í skýrslunni segir að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á náttúrufar umfram það sem þegar er fyrir hendi. Engar niðurstöður komu þar fram sem hafa áhrif á gerð vega eða vegamóta. Matið nær ekki til breikkunar og breytinga á Hringvegi frá Rauðavatni að vegamótum við Nesbraut.

3.2 JARÐVEGSADSTÆÐUR

Samkvæmt greinargerð Orkustofnunar fyrir Vegagerðina „Athugun á sprungum í veg-stæði vestan við Rauðavatn“ frá 1994 [6] er berg sprungið á þessu svæði. Framhald þekktar sprungu við Árbæjarlaug liggur u. þ. b. 500 m austan við núverandi vegamót en engar stórar, virkar sprungur eru þekktar á yfirborði í vegamótunum. Gert er ráð fyrir að brýr og steipt mannvirki verði grunduð á klöpp. Ekki er gert ráð fyrir að sprungurnar hafi áhrif á lagningu vega en þetta þarf að kanna sérstaklega við endan-lega hönnun steyptra mannvirkja við mislægu vegamótin.

Almennt virðast veglínur vera í frekar lélegu bergi. Bergið er beltótt, þ. e. með veikum linsum á milli þéttari berglaga, eins og sést í veggjum gjárinna ofan við vegamót Hringvegar og Nesbrautar.

Eftirfarandi athuganir eru lagðar til grundvallar á mati á lausum jarðlögum og eru þau talin nægileg fyrir gerð frumdraga:

- Útboðsgögn Suðurlandsvegur-Vesturlandsvegur. Áfangi 1. Útboðslýsing. Gryfjúlýsing Rauðavatn-Vesturlandsvegur og Höfðabakki-Úlfarsfell. Saldurferill þriggja sýna úr gryfjum frá verkhlutanum Höfðabakki-Úlfarsfell.
- Níu holulýsingar frá vegkaflanum við Rauðavatn.

Frumdrög


- Upplýsingar frá framkvæmdum þegar Suðurlandsvegur var lagður og tengdur Vesturlandsvegi og þegar Vesturlandsvegur var breikkaður, hvort tveggja gert á árunum 1993-94.
- Verkfræðistofan Hönnun hf. Stórhöfði. Prufuholur. Gryfjulýsingar frá 27.-28. janúar 2000.

Niðurstaða á mati á burðarhæfni undirstöðu fyrir vegi og rampa út frá þessum forsendum er:

- Sunnan rampa við brú við Bæjarháls er gert ráð fyrir að fjarlægja þurfi um 1,0 m þykkt lag af ónothæfu efni.
- Í gjánni er burðarhæfur botn, sprengt efni og klöpp.
- Frá gjánni að vegamótunum og sunnan Nesbrautar er áætlað að 0,9 m séu niður á burðarhæfan botn.
- Norðan Hringvegar og Nesbrautar er áætlað að dýpi á burðarhæfan botn sé 1,2 m.

3.3 NÚVERANDI VEGIR OG VEGAMÓT

Núverandi vegir eru Hringvegur (Suðurlandsvegur), ein akrein í hvora átt án miðdeilis, Hringvegur (Vesturlandsvegur), tvær akreinar í hvora átt með miðdeili og Nesbraut, 2 akreinar í hvora átt með miðdeili. Vegamótin eru ljósastýrð en utan ljósanna eru beygjureinar fyrir hægri beygju að og frá Hringvegi (Suðurlandsvegi), sjá mynd 4 og bls. 1 í teikningahefti.



Mynd 4. Núverandi ljósavegamót á mótum Hringvegar og Nesbrautar (loftmynd frá Loftmyndum ehf. tekin 2002).

Krókháls fer í tveggja akreina undirgöngum undir Hringveg og er lengd ganganna í samræmi við breidd núverandi einfalds Hringvegar. Bæjarháls fer á tveggja akreina brú yfir Hringveginn og er lengd brúarinnar nægileg fyrir væntanlega tvöföldun Hringvegar. Sunnan við Bæjarháls eru undirgöng undir Hringveg fyrir gangandi umferð og er lengd þeirra í samræmi við breidd núverandi einfalds Hringvegar.

3.4 NÚVERANDI GÖNGU- OG REIÐLEIÐIR

Núverandi göngustígar og reiðstígar eru sýndir á bls. 2 í teikningahefti. Sjá ennfremur kafla 2.3 hér að framan.

3.5 NÚVERANDI LAGNIR

Teknar voru saman upplýsingar um núverandi lagnir úr landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) og frá veitustofnunum. Núverandi lagnir eru sýndar á grunnmynd á bls. 18 og 19 í teikningahefti og í sniðum á bls. 22-28 og 32-34 í teikningahefti.

Á árinu endurnýjaði Orkuveitu Reykjavíkur Reykjaæð á kaflanum milli Krókháls nr. 3 og dælustöðvarinnar sem er austan við vegamótin. Í verkinu var stokkur fjarlægður milli Hringvegar (Suðurlandsvegar) og dælustöðvar, en látinn liggja að öðru leyti. Nýjar Reykjaæðar voru lagðar meðfram Krókhálsi og eru þær ekki í stokk. Ekki var rými fyrir pípurarnar undir undirgöngum við Krókháls eins og göngin eru nú og eru pípurarnar því sveigðar til norðurs og fara undir Hringveginn í nægilegri fjarlægð frá undirgöngunum til að þær skarist ekki við hugsanlega breikkun á undirgöngunum fyrir gangandi umferð, sjá snið í undirgöng og Reykjaæð á bls. 33 í teikningahefti.

Síðastliðið haust lauk Gatnamálastofa við að leggja aðalræsi frá Hádegismóum, bæði regnvatnslögn og skolplögn, austan með Hringvegi frá Hádegismóum (sunnan við brú á Bæjarhálsi) og að Krókhálsi, sjá mynd 5, grunnmynd á bls. 18 og 19 í teikningahefti og á þversniðum í Hringveg á bls. 23-25 í teikningahefti.



Mynd 5. Núverandi Hringvegur (Suðurlandsvegur). Framkvæmdir við lagningu aðalræsis frá Hádegismóum í forgrunni (mars 2003).

Á árinu lét Orkuveita Reykjavíkur leggja stofnlögn hitaveitu og 11000 V háspennu-streng í Hádegismóa. Hvort tveggja þverar Hringveg og rampa rétt sunnan við brú á Bæjarhálsi í rörum sem voru til staðar undir Hringvegi, sjá bls. 19 í teikningahefti.

Landssími Íslands hefur flutt símastrengi, sem þveruðu Hringveg miðja vega milli Nesbrautar og Krókháls, í rör sem Landssíminn átti undir götunni í undirgöngum. Verkinu lauk í október síðastliðinn.

3.6 EFNISMAGN Á SVÆÐINU

Ekki hefur farið fram sérstök úttekt á námum fyrir frumdrögin. Er gert ráð fyrir að verktaki útvegi efni úr námum í rekstri í næsta nágrenni við Reykjavík. Þó er tiltækt óvalið efni í fláafleyga og landmótun í haug við vegamótin, sjá mynd 6, og er leitast við í frumdrögum þessum að fjarlægja þennan haug þegar 1. áfangi vegamótanna verður byggður. Almenna verkfræðistofan mældi stærð haugsins í febrúar 2003 og reyndist hann vera um 25.000 m³. Úr bergskeringu í gjánni er áætlað að komi 5.000 m³ af sprengdu grjóti, sbr. kafla 4.3.



Mynd 6. Horft yfir núverandi vegamót í átt að Grafarholti. Haugur með óvöldu efni er dökkur til hægri á myndinni (mars 2003).

4 FYRIRLIGGJANDI BREYTINGAR

4.1 FYRIRLIGGJANDI BREYTINGAR Á LÖGNUM

Fyrirliggjandi breytingar á lögnum veitustofnana eru sýndar á bls. 20 og 21 í teikningahefti. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir þessum breytingum.

4.1.1 Hitaveitulagnir

Ekki er gert ráð fyrir neinum frekari breytingum á hitaveitulögnum á vegamótasvæðinu en þeim sem framkvæmdar voru síðastliðið sumar á Reykjaað. Vestan með Hringvegi (Suðurlandsvegi) frá Breiðholtsbraut og í dælustöð við Rofabæ er svo-kölluð suðuræð, áfangi D. Líkur eru á að bakvatnslögn verði lögð meðfram henni síðar. Heitavatnsæð mun verða lögð suðaustan við slaufuna á Bæjarháls þegar byggð þar kallar á.

4.1.2 Vatnsveitulagnir

Ø800 mm kaldavatnsæð (ductile) liggur meðfram Hringvegi (Vesturlandsvegi). Kaldavatnslagnir liggja einnig í lóðum vestan Hringvegar (Suðurlandsvegar), í Krókhálsi og gegnum undirgöngin. Ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingum af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur á þessum lögnum. Ø800 mm lögnin meðfram Hringvegi liggur milli brúarstöpla og vegar í tillögu þessara frumdraga að mislægum vegamótum og því gerist ekki þörf á að breyta lögninni.

4.1.3 Fráveitulagnir og settjarnir

Fyrirhugaðar eru settjarnir austan við Hringveg við Krókháls og í botni Grafarvogs. Tillaga að staðsetningu sem ekki er endanleg er sýnd á bls. 20 í teikningahefti.

Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á fráveitulögnum á vegamótasvæðinu, en áformað er að framlengja aðalræsi frá Hádegismóum, sem nú endar við rampa við Bæjarháls, áfram til austurs þegar byggð kallar á, sjá bls. 21 í teikningahefti.

4.1.4 Símalagnir

Þegar undirgöng við Krókháls verða breikkuð til norðurs fyrir gangandi umferð hefur Landssíminn hug á að flytja rörin sem nú eru undir götunni yfir í göngustíginn. Þegar undirgöngin verða lengd vill Landssíminn framlengja rörin sem eru í götunni í göngunum.

4.1.5 Raflagnir

Einu raflagnirnar í vegamótastæðinu eru götulýsing og því enginn sérstakur vandi þar varðandi raflínur.

Hugsanlega mun Orkuveita Reykjavíkur breyta legu á háspennustrengnum sem er suðaustan við undirgöng við Krókháls.

4.2 FYRIRLIGGJANDI BREYTINGAR Á GÖNGU- OG REIÐLEIÐUM

Fyrirliggjandi breytingar á göngustígum og reiðstígum eru sýndar á bls. 4 í teikningahefti. Upplýsingar eru fengnar úr deiliskipulagi Ártúnshöfða – eystri frá 2. júlí 2002, deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjamáa-Djúpadals frá 27. mars 2001 með breytingum 12. febrúar 2002 og deiliskipulagi Hádegismóa frá 21. janúar 2003.

4.2.1 Fyrirliggjandi breyting á undirgöngum við Krókháls

Núverandi undirgöng við Krókháls eru fyrir akandi umferð með gönguleið að sunnan-verðu í samræmi við deiliskipulag Grafarlækjar-Stekkjamáa-Djúpadals frá 27. mars 2001, sjá bls. 2 í teikningahefti. Fyrirhugað er að flytja gönguleiðin norður fyrir götuna. Vegna þess hversu núverandi göng eru þröng er áætlað að byggja göng fyrir

gangandi og hjólandi. Gert er ráð fyrir steiptum göngum upp við núverandi veggöng, 4 m breiðum að innanmáli, sjá þversnið á bls. 33 í teikningahefti.



Mynd 7. Undirgöng við Krókháls, horft í austur (2002).

4.3 FYRIRLIGGJANDI BREYTINGAR Á BERGSKERINGU Í GJÁ

Ætlunin er að laga fláa bergveggjanna í gjánni norðan við Bæjarháls. Er gert ráð fyrir að vesturveggurinn verði lagfærður um leið og 1. áfangi mislægra vegamóta verður byggður, en austurveggurinn um leið og Hringvegur (Suðurlandsvegur) verður tvöfaldaður.

5 VEGFLOKKAR OG VEGUPPBYGGING

5.1 VEGFLOKKAR VEGA OG RAMPA

Nesbraut og Hringvegur (Vesturlandsvegur) eru nú í vegflokki A1 og eiga að vera í þeim flokki skv. hönnunarforsendum frumdraga, sjá kafla 2.1 hér að framan. Hringvegur (Suðurlandsvegur) er nú í flokki B1 og verður það áfram eftir byggingu 1. áfanga mislægra vegamóta, en þegar hann verður tvöfaldaður verður hann í flokki A1 skv. hönnunarforsendum.

Vegstaðall Vegagerðarinnar tekur ekki á flokkun einstefnurampa, en skv. þýskum staðli [5] þarf enginn rampi að vera meira en einfaldur miðað við umferðarálag í spánni, sjá kafla 2.2.

5.2 UPPBYGGING VEGA OG RAMPA

Laust efni er fjarlægt niður á burðarhæfan botn og notað í fláafleyga og í landmótun. Klöpp og burðarhæft efni er fjarlægt í samræmi við þversnið. Efnið er notað í fyllingu eða fláafleyga eftir gæðum. Í kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir því að efnið sé notað í fyllingu.

Uppbygging er skv. norskum reglum [8] með þeirri undantekningu að efra burðarlag verður 20 cm þykkt unnið þúkk, 0-63 mm. Lagt er til að leggja strax tvö malbikslög og að þriðja malbikslagið verði lagt þegar komið er slit í götuna sem gæti orðið eftir 5-10 ár miðað við reynslu. Skv. athugunum sem Vegagerðin og gatnamálastjórinn í Reykjavík létu gera á burðarlögum er ekkert sem bendir til þess að veiking efnisgæða efra burðarlags vegna umferðar stjórni því hvenær þriðja malbikslagið þurfi að koma.

Uppbygging vega og rampa er:

a) ef fylling er frostþolin:

Malbik, Y16	4,5-5 cm , lagt síðar
Malbik, Y16	4,5 cm
Malbik, U16	5,5 cm
Efra burðarlag, þúkk, 0-63 mm	20 cm
Neðra burðarlag	50 cm
Frostþolin fylling	á burðarhæfan botn

b) ef fylling er frostnæm:

Malbik, Y16	4,5-5 cm , lagt síðar
Malbik, Y16	4,5 cm
Malbik, U16	5,5 cm
Efra burðarlag, þúkk, 0-63 mm	20 cm
Neðra burðarlag	70 cm
Síulag, ef síukröfur ekki uppfylltar	20 cm , annars 0 cm
Frostnæm fylling	á burðarhæfan botn

Í klapparskeringu skal neðra burðarlag ná 15 cm þykkt.

Þversnið í veg er sýnt á bls. 22 og í rampa á bls. 29 í teikningahefti.

Við kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að fylling og neðra burðarlag verði sjávarmöl, sem er ódýrasta fyllingarefni miðað við raunkostnað (þ. e. ekki tilbóðsverð/markaðsverð), sem vitað er um í nágrenni Reykjavíkur og er frostþolið efni. Gert er ráð fyrir að efninu verði ekið á bíl frá löndunarstað í um 4 km fjarlægð frá vegamótunum. Gert er ráð fyrir að efra burðarlag verði þúkk úr námu í 20 km fjarlægð og að malbik uppfylli kröfur Alverks '95. Efsta malbikslagið sem lagt er síðar er ekki talið með í kostnaðaráætlun.

6 MISLÆG VEGAMÓT

6.1 1. ÁFANGI MISLÆGRA VEGAMÓTA



Mynd 8. 1. áfangi mislægra vegamóta.

Í 1. áfanga verða byggð trompetvegamót með einföldum römpum, sjá mynd 8 og bls. 5 í teikningahefti. Í þeim áfanga er vestari brúin yfir Nesbraut-Hringveg (Vesturlandsveg) byggð. Ekki er þörf á breytingu á undirgöngum við Krókháls vegna þessa 1. áfanga, sjá teikningu af undirgöngum við Krókháls á bls. 32 í teikningahefti. Þessi trompetvegamót eru í megindrátum í samræmi við tillögu þá að vegamótum sem samþykkt var eftir umhverfismat 1999, sjá mynd 2, en hafa verið flutt lítið eitt til vesturs til að skapa rými fyrir seinni áfanga vegamótanna.

6.1.1 Ferlar til grundvallar hönnun

Vegferlar sem notaðir voru til grundvallar hönnun rampa í vegamótunum voru þessir: Vegferill Hringvegar frá Hafravatnsvegi vestur fyrir Breiðholtsbraut frá Línuhönnun hf. [1], vegferill Nesbrautar-Hringvegar (Vesturlandsvegar) frá Vegagerðinni og vegferill Hringvegar frá Breiðholtsbraut að Nesbraut frá Almennu verkfræðistofunni hf. Unnið var í Ísnet93-hnitakerfi.

6.1.2 Vegir

Þversnið í Hringveg eru sýnd á bls. 22-28 í teikningahefti. Núverandi þversnið vegarins er frábrugðið kennisniði hönnunarforsenda hvað varðar breiddir akbrauta og axla, sjá kafla 2.1. Gert er ráð fyrir því að nýr vegur verði byggður skv. kennisniði hönnunarforsenda og akbrautarbrúnir aðlagðar þar sem hann tengist við eldri veg. Gerð er grein fyrir uppbyggingu vegarins í kafla 5.2 hér að framan.

6.1.3 Rampar

Þversnið í rampa eru sýnd á bls. 29 í teikningahefti. Gerð er grein fyrir uppbyggingu í kafla 5.2 hér að framan.

Búið er að forhanna alla geometríu rampa. Hæðarlega rampanna tekur mið af frumdrögum brúar, sjá kafla 6.1.5, en forhönnun brúar gæti breytt hæðarlegu þeirra og þá sennilega til lækkunar. Planlega rampa með parametrum og ferlatöflum er sýnd á bls. 7 og 8 og hæðarlega á bls. 9 og 10 í teikningahefti.

Miðeyja með kantsteini verður alla leið á milli Rampa 1 og 3 í 1. áfanga. Miðeyjan er 1,5 m breið sunnan við Nesbraut og norður fyrir brúna, en þar breiðkar hún í 5 m. Í þessum frumdrögum er gert ráð fyrir að nota vegrið þar sem eyjan nær ekki 5 m breidd. Planlega Rampa 1 næst lóð Hörpu Sjafnar er ákvörðuð miðað við að lóðin verði stækkuð. Miðað var við að fjarlægð frá suðaustur-húshorni að 10 m veghelgunarmörkum rampans sé 35,0 m. Lítils háttar breyting er á planlegu og hæðarlegu Hringvegar (Suðurlandsvegar) yfir undirgöngum við Krókháls og nokkra tugi metra suður fyrir þau. Sú breyting er það lítil að ekki er talin ástæða til að gera neinar ráðstafanir með steypu undirgöngin sjálf, þar verður einungis afrétting á efra burðarlagi og endurlagning malbiks. Sett er 120 m langt bannsvæði framan við miðeyjuna milli aksturstefna og einnig við axlir og nær það suður fyrir undirgöngin. Við verkhönnun þarf að athuga rými milli akbrautarkants/málaðs bannsvæðis og kants á undirgöngunum.

Reiknaðar voru stöðvunarsjónlengdir á Römpum 1, 2 og 4. Ekki var talin þörf á að reikna sjónlengd á Rampa 3 vegna þess að hæðarbogar eru stórir og engin hindrun í landi í sjónlínu. Lágmarkssjónlengdir skv. Vegstaðli og reiknaðar sjónlengdir eru sýndar á langsníðum á bls. 9 og 10 í teikningahefti. Reiknað var með stigbreytilegum ökuhraða eftir römpunum í takt við hönnunarhraða og krappa. Reiknað var með 1 m augnhæð ökumanns og hæð miðunarpunkts í samræmi við ökuhraða skv. töflu í Vegstaðli. Fyrir Rampa 1 var sjónlengd reiknuð bæði með og án vegriðs í miðeyju. Kom í ljós að vegriðið hefur ekki áhrif á reiknaða sjónlengd. Niðurstaða þessa er að sjónlengdir eru nægilegar fyrir alla rampa.

6.1.4 Vegfláar og landmótun

Vegfláar eru valdir þannig að þeir taki við öllu efni úr skeringum sem fylgja framkvæmdinni og að auki leitast við að fjarlægja 25.000 m³ haug af óvöldu efni sem stendur við vegamótin. Óburðarhæft efni sem kemur úr skeringum er um 30.000 m³, þannig að efni til ráðstöfunar í fláafleyga er um 55.000 m³.

Vegfláar eru almennt 1:4. Til að koma í veg fyrir að flái Rampa 1 nái inn yfir Stórhöfða er fláinn hafður 1:2 þar og með vegriði efst, sjá snið í rampa á bls. 29 í teikningahefti. Á bls. 11 í teikningahefti er sýnt hvar hefur verið valið að hafa fláann flatari en 1:4 og fer þannig mesta efnið utan á Rampa 1 og innan á Rampa 3. Um 4.900 m³ er hægt að koma fyrir utan á Rampa 4 í Grafargili án þess að hreyfa við enda á steypum stökk sem þar er eins og sýnt er á bls. 11, en á síðari hönnunarstigum verður ákveðið hvort efninu verði komið fyrir þar eða því komið fyrir í landmótun annars staðar. Þegar byggð verða endanleg vegamót þarf að fjarlægja hluta af efninu austan við Rampa 1.

Vegfláar í 1. áfanga ná ekki inn á núverandi lóðir. Á tveimur stöðum ná vegfláar inn á tillögur að nýjum lóðamörkum. Það er við drög að nýjum lóðamörkum lóðar Hörpu Sjafnar við Stórhöfða 44 og einnig allranyrst á lóðinni við Krókháls merktri a l eins og

gerð er tillaga að lóðamörkum hennar, enda er sá hluti lóðarinnar í halla niður að Grafarlæk, sjá bls. 4 og 11 í teikningahefti.

6.1.5 Brú

Byggð verður ein brú yfir Nesbraut-Hringveg (Vesturlandsveg), ein akrein í hvora átt fyrir Rampa 1 og 3 með hellulagðri miðeyju. Gert er ráð fyrir vegriði á miðeyjunni. Breidd brúarinnar er 12,3 m og lengd um 61 m án hliðargötu, en um 63,5 m með hliðargötu, sbr. kafla 6.4 þar sem mælt er með því að byggja lengri brú. Gert er ráð fyrir að brúin verði eftirspennt, staðsteypt plötubrú sem spannar yfir tvö jafnlöng höf. Við hæðarsetningu brúarinnar er gert ráð fyrir fastri heildarþykkt brúargólfs 1,0 m og að hæð undir brú sé minnst 5,0 m þegar Hringvegur hefur þriðju akrein við miðdeili. Langsnið og þversnið brúarinnar er sýnt á bls. 27 og 30 í teikningahefti. Þversniðið uppfyllir allar kröfur Vegstaðals. Í endanlegum áfanga verður miðeyjan aflögð og verður brúin þá breiðari en Vegstaðall krefst fyrir tvær akreinar í sömu átt sem þá verða á brúnni.

6.1.6 Merkingar

Yfirborðsmerkingar, umferðarskilti og vegvísun eru sýnd á bls. 5 í teikningahefti. Hönnun hf. áætlað að vegvísun verði 2 skiltabrýr og 4 skiltastæður.

6.1.7 Afvötnun

Ofanvatn norðan Hringvegar verður leitt í núverandi lagnir í Stórhöfða. Þær taka við því magni sem áætlað er að komi af 1. áfanga vegamótanna norðan Nesbrautar. Rampar endanlegra vegamóta norðan Nesbrautar umlykja land sem er 57.000 m², þar af malbikað yfirborð 14.600 m² og gróið land 42.400 m², en þegar lagnir í Stórhöfða voru hannaðar árið 2000 þá var miðað við aðra útfærslu á vegamótunum sem sýnd er á mynd 3, og svæðið talið verða 51.000 m², þar af malbikað yfirborð 15.000 m² og gróið land 36.000 m². Lagnirnar í Stórhöfða tengjast annars vegar Ø600 mm lögn sem liggur í Grafargili niður í botn Grafarvogs þar sem er fyrirhuguð settjörn og hins vegar lögn sem mun væntanlega liggja niður með Gufunesveginum gamla og í sömu tjörn.

Ofanvatn milli Nesbrautar og Krókháls verður leitt í núverandi lögn sem fer í gegnum undirgöngin í Grafargili. Lögnin þangað rúmast milli lóðamarka lóðar merktrar 1 við Krókháls og Hringvegar (Vesturlandsvegar), sjá þversnið á bls. 26 í teikningahefti. Gera verður ráð fyrir að lögnin verði lögð inn á lóðina, samsíða skolp- og regnvatnslögn sem fyrir er á lóðinni, sjá bls. 35 í teikningahefti, og meiri kvöð þurfi á lóðina. Lögnin í Grafargili er Ø500 mm og sem stendur með litlu rennsli. Sú lögn tengist einnig Ø600 mm lögninni sem liggur að botni Grafarvogs. Rampar endanlegra vegamóta sunnan Nesbrautar umlykja land sem er 33.000 m², þar af malbikað yfirborð 7.100 m².

Röraþvermál regnvatnslagna hafa verið áætluð með tilliti til endanlegra vegamóta. Reiknað var með hefðbundnum afvötnunarstuðlum. Sjá uppdrátt af regnvatnslögnum og áætluðum röraþvermálum á bls. 35-36 í teikningahefti. Á seinni hönnunarstigum skal horfa á það hvert flóð leitar þegar úrkoma er meiri en svo að kerfið taki við.

6.1.8 Lagfæring á bergvegg í gjá


Bergveggurinn í gjánni vestanverðri verður lagfærður með þessum áfanga vegamótanna, sbr. kafla 4.3. Athugun á halla bergskeringar við Hringveginn í Mosfellsbæ sýndi að hann er 1:0,6 að sunnanverðu og 1:0,9 að norðanverðu. Bergið í berg-

skeringunni í Mosfellsbæ er verulega betra hvað þetta varðar en er í gjánni. Reynsla frá lagningu vega í skriðum hefur sýnt að í skeringum stendur vegfláinn allt að 1:1,25. Fyrir þessi frumdrög er því gert ráð fyrir að bergskeringin í gjánni verði lagfærð með fláa 1:1,0 en fyrir endanlega hönnun verði prófað hvaða flái er heppilegastur og hann valinn út frá þeim niðurstöðum.

6.1.9 Bráðabirgðatengingar

Hringvegur (Suðurlandsvegur) lokast á meðan á byggingu hans og tenginga Rampa 2 og 4 við veginn stendur. Hugsanlegt er að hleypa umferð að einhverju leyti um Bæjarháls, undirgöng við Viðarhöfða og brú á Höfðabakka. Gert er ráð fyrir 10 millj. kr. í bráðabirgðatengingar í 1. áfanga.

6.2 ENDANLEG MISLÆG VEGAMÓT



Mynd 9. Endanleg mislæg vegamót.

Gerð hafa verið drög að fjögurra arma mislægum vegamótum, sjá mynd 9 og bls. 6 í teikningahefti. Þessi vegamót eru þriggja blaða smáravegamót sem tengjast Stórhöfða með hringtorgi. Vegamótin eru fyrir alla strauma nema úr norðri til austurs. Gert er ráð fyrir annarri brú yfir Nesbraut-Hringveg (Vesturlandsveg) austan við þá sem byggð verður í 1. áfanga.

6.2.1 Fléttuvegalengdir

Samkvæmt Vegstaðli er lágmarkslengd fléttureinar á vegtegund A1 í þéttbýli 300 m. Fyrir vegtegund A2 er lágmarkið 250 m. Norskur staðall segir að stytta megi fléttureinina í 200 m þar sem ökuhraði á viðkomandi vegum er lágur. Þýskir staðlar gera almennt ráð fyrir minnst 300 m löngum fléttureinum, en á borgarhraðbrautum þar sem hámarksökuhraði er leyfður 80 km/klst. eru fléttureinar þó leyfðar 250 m langar. Gert er ráð fyrir að umferðarhraði á Suðurlandsvegi við gatnamótin, þ. e. á römpunum, verði alltaf takmarkaður við 50-70 km/klst. hraða. Það gerir mögulegt að hafa 250 m

langa flétturein milli Rampa 6 og Rampa 5. Í ljósi þessa er lengd fléttureinar á Nesbraut-Hringvegi (Vesturlandsvegi) 300 m og á Hringvegi (Suðurlandsvegi) 250 m í frumdrögum þessum og drögum að endanlegum vegamótum. Um þjónustustig á flétturein er fjallað í kafla 6.3.

6.2.2 Rampar

Meirihluti þeirra rampa sem byggðir eru í 1. áfanga nýtast í endanlegum vegamótum, sbr. mynd 9. Frumdrög að planlegum og hæðarlegum rampa sem byggðir verða í endanlegum áfanga eru sýndar ásamt ferlatöflum á bls. 12 til 15 í teikningahefti. Eyjan milli Rampa 1 og 3 verður aflögð í endanlegum vegamótum. Fjarlægð milli bannsvæðaenda á Rampa 2 og Rampa 6 er 80 m miðað við Rampa 6 eins og hann er útfærður hér. Skv. norskum leiðbeiningum er lágmarksfjarlægðin 100 m. Þetta kallar á góðar merkingar.

6.2.3 Brú

Brúin sem byggð er í 1. áfanga verður nýtt fyrir akstursstefnu til suðurs í endanlegum vegamótum. Önnur brú verður þá byggð austan við fyrir akstursstefnu í norður. Eystri brúin verður 9,8 m breið og um 61 m löng án hliðargötu, en um 63,5 m með hliðargötu, sbr. kafla 6.4 varðandi lengri brú. Gert er ráð fyrir að brúin verði eftirspennt, staðsteypt plötubrú sem spannar yfir tvö jafnlöng höf. Við hæðarsetningu brúarinnar er gert ráð fyrir fastri heildarþykkt brúargólfs 1,0 m og að hæð undir brú sé minnst 5,0 m miðað við að lögð hafi verið þriðja akrein við miðdeili. Langsnið og þversnið brúarinnar er sýnt á bls. 28 og 31 í teikningahefti.

6.2.4 Afvötnun

Um afvötnun endanlegu vegamótanna er fjallað í kafla 6.1.7.

6.2.5 Undirgöng við Krókháls

